

**Fundargerð 157. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 2. mars, kl. 12:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir.

Fjarverandi: Hjörleifur Finnsson.

**Dagskrá****1. Fundargerð 156**

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

**2. Umsóknarferli FF13- 2018**

Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2018 (FF13) ásamt fylgiskjölum samþykkt og undirritað.

Næstu fundir

13. mars kl. 10:30 – 12:30

20. mars kl. 10:30 – 12:30

27. mars kl. 10:30 – 12:30

Fundi slitið kl. 13:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature reads "Anna G. Sverrisdóttir". Below it is another signature that appears to read "Steinunn Fjóla Sigurðardóttir". At the bottom is the signature of "Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir".

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Reykjavík 2. mars 2018

**Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja 2018 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.**

Á fundi sínum þann 2. mars 2018 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar.

Auglýst var eftir umsóknum þann 23. september 2017 í Fréttablaðinu og 19. október 2017 í Bændablaðinu, en umsóknarfrestur var frá og með 25. september til miðnættis 25. október 2017.

Alls bárust 155 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.002.837.768,- til verkefna að fjárhæð kr. 2.822.815.497,-. Til úthlutunar að þessu sinni eru kr. 730.400.000,-. Af innsendum umsóknum voru 44 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.


Samkvæmt auglýsingu um styrkumsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir úthlutun ársins 2018 var lögð áhersla á fjölgun viðkomustaða ferðamanna til að draga úr á lagi á fjölsótta ferðamannastaði.

Að þessu sinni er lagt til að styrkja alls 56 verkefni, samtals að fjárhæð kr. 722.327.546,-. Af þessum verkefnum hafa tuttugu og eitt uppbyggingu nýs ferðamannastaðar að aðalmarkmiði (til dreifingar á á lagi í samræmi við áherslu ráðherra), fimmtán öryggismál, fimm náttúruvernd, átta náttúruvernd og öryggi jöfnum höndum og sjö snúa að uppbyggingu innviða þar sem aðalmarkmið er ekki hægt að skilgreina nánar. Hæstu einstöku tillögurnar eru um styrki til að ljúka þjónustuhúsi við Hafnarhólma á Borgarfirði eystri (kr. 76.800.000,-), til áframhaldandi framkvæmda við Goðafoss í Þingeyjarsveit (kr. 74.000.000,-) og til framkvæmda við Kirkjufellsfoss á Snæfellsnesi (kr. 61.966.140,-).

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Virðingarfyllst,

  
Halldór Eriksson formaður  
Halldór Halldórsson

  
Anna G. Sverrisdóttir  
  
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

